


5. FJÖLSKYLDUVELDI Í HÖFÐA OG KLJÁSTRÖND

Á blómatíma hákarlaútgerðarinnar var á Höfðastekk uppsátur hákarlaskipa Höfða- og Grýtubakkabænda. Þar var á þeim tíma eitt-hvert besta skipalægi við austanverðan Eyjafjörð. Þar gátu legið stærstu fiskiskip þess tíma. Höfði var vildisjörð, metin til 42,4 hundr-aða 1890. Þegar á slíkan stað setjast menn, sem ekki una hokur-búskap en vilja taka til hendinni og láta að sér kveða, þá taka að rísa framfaraöldur á lygnum polli kyrrstöðunnar.

Á þessum stað hófst í lok 19. aldar atvinnurekstur með stærra sniði en algengt var að finna í sveitum landsins. Undirstöður hans voru þrjár; verslun, útgerð og búskapur. Á Kljáströnd var rekin stórverslun sem náði til nærliggjandi sveitarfélaga báðum megin fjarðar. Þar var einnig umfangsmikil útgerð margra báta og stórra og fiskverkun. Ver-stöðin var á Látrum. Í Höfða ráku þessir sömu menn stórbúskap. Þetta allt veitti miklum fjölda fólks atvinnu. Í byggðinni sem mynd-aðist sunnan undir Höfðanum voru, þegar flest var, meira en sex tugir manna heimilisfastir auk fjölda lausráðins verkafólks sem kom og fór. Miðstöð sveitarfélagsins varð þess vegna á Kljáströnd. Þar tók að myndast vísir að þéttbýli. Þar var læknissetur, þar voru haldnar sam- komur, fundir, tombólur, fyrirlestrar, leiksýningar og böll.



*Málverk eftir Árna Elvar. Sigtún,
Land, skúr Sigtúnamanna og
Höepnershúsið. Aðgerð á planinu.*



Ólafur Gunnar Gunnarsson og Anna Pétursdóttir Hjaltested.

Þessi miklu umsvif náðu hámarki um það bil 25 árum eftir að þau hófust. Önnur 25 ár tók að þurrka þetta allt út. Inn á Höfðastekk kemst nú ekkert skip lengur. Á Kljáströnd bera rústir einar vitni um forna frægð. Enn er þó búið myndarlega í Höfða.

Meðal útgerðarmanna á 19. öld var sr. Gunnar Ólafsson í Höfða. Fyrir utan að eiga bát, sem hann var sjálfur formaður á, átti hann hlut í a.m.k. tveimur hákarlaskipum, Fáfni og Sailor sem báðir voru happafleytur.

Sr. Gunnar tók við brauðinu af föður sínum sr. Ólafi Þorleifssyni 1866 og var prestur í Höfða til ársins 1892. Hann var tvíkvæntur. Með fyrri konu sinni, Ólöfu Magnúsdóttur, eignaðist hann fjögur börn: Ólaf Gunnar, tvíburana Sigurð og Ólöfu og Baldvin Bessa. Seinni kona sr. Gunnars var Guðríður Pétursdóttir Hjaltested og eignuðust þau þrjá syni: Þórð, Björn og Jónas, sem dó ungar.

Sigurður og Ólöf koma lítið við þessa sögu. Sigurður var alinn

EINN SKILINN EFTIR

Vorið 1905. Íslenskar fjölskyldur flykkjast til Ameríku. Sumar í kjölfar ættingja og vina sem hefur vegnað vel í nýja landinu, sumar til að losna frá örbirgð og illu árferði og freista þess að hefja nýtt líf.

Meðal þeirra sem ákveðið hafa að taka sig upp og flytja til Kanada er fjölskyldan í Sundi, Þorsteinn Sveinsson trésmiður og málari, bróðir Jóns bónda á Hóli, og kona hans Kristín Jóhannesdóttir frá Ytra-Álandi í Þistilfirði, systir Valgerðar á Hóli og séra Árna í Grenivík. Börn þeirra eru fjögur; Ingólfur sex ára, Ari þriggja ára, Anna tveggja ára og Sveinn eins árs.

Brottfarardagurinn rennur upp. Sveinn litli er orðinn veikur, kominn með háan sóthita. Móðirin horfir í hitagljáandi augu drengsins og skynjar að hann muni ekki þola erfitt ferðalag á sjó. Að eiga það á hættu að þurfa að leggja yngsta barn sitt í vota gröf kemur ekki til greina.

Þau hafa brotið allar brýr að baki sér og geta ekki hætt við en drenginn verður að skilja eftir. Hér þarf að taka skjótar ákvarðanir. Einni konu treystir hún til að taka drenginn í fóstur með engum fyrirvara, koma honum til heilsu og ala hann upp þar til hann getur komið á eftir þeim til nýja landsins.

Í skyndingu er söðlaður hestur, Sveinn litli dúðaður eftir föngum og Kristín þeysir með hann niður á Kljástönd þar sem hún leggur hann í öruggan faðm Þóru vinkonu sinnar.

Þau Björn Gunnarsson og Þóra Jónsdóttir áttu ekki börn en höfðu er þetta var eignast fósturson, Sigurbjörn Jóhannsson. Svein Þorsteinsson fósturuðu þau upp sem sitt eigið barn og þegar hann náði aldri og þroska til að fara á eftir fjölskyldu sinni til Vesturheims kaus hann að fara hvergi.

upp í Laufási hjá sr. Gunnari Gunnarssyni ömmubróður sínum. Hann bjó í Sundi 1886-1896 ásamt konu sinni Sigurbjörgu Hallgrímsdóttur. Síðan fluttu þau yfir á Galmastaði í Arnarnesvík. Þau eignuðust eina dóttur sem dó ung.

Ólöf ólst upp hjá Sveini Sveinssyni á Hóli. Hún giftist Sigurbirni Sigurðssyni og bjuggu þau um skeið á Kljáströnd í svokölluðu Sigurbjörnshúsi og starfaði Sigurbjörn hjá mágum sínum við útgerð og búskap. Lengst af bjuggu þau á Sólgörðum á Grenivík. Þau eignuðust ekki önnur börn en tvíbura sem dóu í fæðingu en fósturdóttur tóku þau að sér sem hét Þorbjörg Tryggvadóttir.⁶

Ólafur Gunnar bjó í Höfða og í Görðum. Kona hans var Anna Pétursdóttir Hjaltsted, systir Guðríðar stjúpmóður hans. Þau eignuðust þrjú börn, Baldvin, Ólaf og Guðríði.

Hálfbræðurnir Þórður og Baldvin Gunnarssynir bjuggu félagsbúi í Höfða. Kona Þórðar var Guðrún Sveinsdóttir frá Hóli og áttu þau fjögur börn; Svein, Gunnar, Pengil og Guðríði.

Baldvin og kona hans, Sigurveig Jóakimsdóttir, áttu þrjú börn sem upp komust; Harald, Mörtu og Nönnu.

Björn Gunnarsson bjó í verslunarhúsinu á Kljáströnd sem þeir bræður reistu 1895. Kona hans var Þóra Jónsdóttir Espólín og áttu þau tvo fóstursyni, Sigurbjörn Jóhannsson og Svein Þorsteinsson.

Sonum sr. Gunnars var í blóð borin framkvæmdasemi og dugnaður í ríkum mæli. Þórður og Baldvin tóku við búskapnum í Höfða um 1890. Höfði var kirkjuförð og 1891 höfðu þeir makaskipti á henni og jörðinni Grenivík sem þeir áttu. Þeir byrjuðu þá þegar búskap með stærra sniði en venjulegt var og um aldamót var í Höfða eitt-hvert stærsta bú sýslunnar.⁷ Nokkru seinna settu þeir á stofn verslun á Kljáströnd ásamt Birni bróður sínum. Þeir létu ekki þar við sitja heldur hófu að gera út líka. Allt var í sameign þeirra bræðra og skipt jafnt. Þeir gengu að öllum störfum en með tímanum varð þó með þeim verkaskipting í meginatriðum þannig að Björn sá mest um verslunina, Baldvin um búskapinn og Þórður útgerðina. Útavið mun Þórður hafa haft forystu fyrir þeim í flestu enda hlóðust á hann trúnaðarstörf. Hann varð til að mynda hreppstjóri Grýtubakkahrepps 1902 og gegndi því embætti á þriðja áratug.

Vigfús Guðmundsson sem var vinnumaður í Höfða sumarið 1913 segir svo frá:

Þó að fólkið væri margt í Höfða heyrðist aldrei misklíðarorð á milli þess allt sumarið. Verkafólkið sat að máltíðum við stórt sameiginlegt matborð í stærstu stofu íbúðarhússins. Sat hinn höfðinglegi húsbóndi, Þórður, fyrir öðrum enda borðsins og stjórnaði borðhaldinu með léttum og góðlátlegum samræðum. Matur var bæði mikill og góður og oft menntandi og skemmtilegt undir borðum, því að stjórnandinn var hrókur alls fagnaðar og hafði frá mörgu að segja. Hafði hann sérstakt lag á að setja gleði- og félagsblæ á allt heimilislífið, og þá ekki síst borðhaldið.⁸

Þórður í Höfða kom víða við. Í dagbókinni, sem þeir bræður færðu skilvíslega í nær 40 ár, segir þann 20. jan. 1906: „Þórður fór út á Grenivík og var þar við operation á konu.“ Og til hans var leitað þegar



Baldvin Bessi Gunnarsson og Sigurveig Jóakimsdóttir og börn þeirra Haraldur, Nanna og Marta.




Þóra Jónsdóttir Espólín, Björn Gunnarsson og Sveinn Þorsteinsson fóstursonur þeirra.

6 Kirkjubækur Höfðaprestakalls.

7 Bolli Gústavsson 1988:225.

8 Vigfús Guðmundsson 1960:164

Leyfisbréf handa Þórði Gunnarssyni
í Höfða í Grýtubakkahreppi til að
reka sveitaverslun.



læknir var ekki á staðnum. Bjarni Benediktsson á Jarlsstöðum var 11 ára þegar hann stakk öngli í fingur sér og gekk hann inn í liðinn upp fyrir agnúa. Farið var með hann niður á Höfðastekk til Þórðar. Þórður stakk mjóum hníf inn meðfram önglinum og gat skorið frá agnúanum. Svo vel fórst honum þetta að fingurinn varð jafngóður.

Höfðabráður höfðu opin augu fyrir framförum af ýmsum toga. Þeir byggðu upp jörðina, sléttuðu öll tún og girtu. Þeir komu upp æðarvarpi og friðlýstu af því tilefni varplandið með bréfi sem þinglýst var 20. maí 1898. Í dagbók þeirra frá 31. des. 1897 segir: „Á þessu ári hafa hjer verið gjörðar 3 stórar nýungar sett upp Telephon fengin skilvinda og hlaðnir tún engja og varpgarðar.“

„Telefóninn“ keypti Baldvin er hann fór í verslunarferð til Englands. Hann var lagður milli Höfða og Kljástrandar og er talið að það verið fyrsti sími sem lagður var í sveit á Íslandi. Í einni verslunarferðinni, um 1900, keyptu þeir „graphófón og safn sígildra tónverka“.

Menn furðaði á þessum tækniundrum. Í ævisögu sinni *Í verum* segir Theódór Friðriksson um Höfðabráður:

Lögðu þeir í hvert stórvikið af öðru, bæði í búskap og verslun á Kljáströnd. Var því líkast, að þeir væru Hrafnistumenn, er hefðu byr hvert, sem þeir fóru. Merkilegt þótti og, er það tók að kvisast út í hina afskekktu

Bréf um friðlýsingu
varplands í Höfða.

Ljör með fríðlyssum vör
undirskriftum síum varplandi í landa-
eignum vorum öllu austuru fyrir
svartan veginn frá Kljáströnd að
Höfða og þaðan að Hóli og síðan austur
í Höfða; fyrir bjúðum vör því alla um-
ferð um nefnt svæði frá 20. apríl
þil júní mánaðarlokanna sír þessu
þ. t. Háfta. 20. dag maí mánaðar 1898

Þóroddur Gunnarsson
(eigandi Höfða)

Arni Jóhannsson
- umráðamaður yfir Landi -

Jón Sveinsson
(eigandi Hóls)

Þinglesid að hlytu þakku 20. Maí 1898 og innfa-
ri afsals og að bjúðum þing og þessu undir 79
Gjaldt- og -koma
Arnt 44.

Fjörðu, að þeir bræður hefðu með höndum fágæta hluti, og væri þar sumt göldrum líkast. Það þótti þó allra merkilegast, er þeir tóku að reka niður staura á leiðinni milli Kljástrandar og Höfða, festu á staurana granna koparþræði, settu undarleg tæki á enda þessara þræða, og töluðu svo milli Höfða og Kljástrandar. Gekk mönnum illa að trúa þessu úti í Fjörðum, og þó enn verr að skilja það. – Það þótti litlu ómerkilegra, er Þóroddur í Höfða kom með úr utanför til Englands kassa með lúðri og slöngum, sem stungið var upp í eyrun. Hafði þetta galdraverkfæri mannsródd með ógurlegum hljóðum og öskri og skemmtu þeir Höfðamenn sér við þetta í heimahúsum.⁹

Árið 1915 lögðu þeir bræður vatnsleiðslu í öll hús í Höfða og fengu til þess mann frá Akureyri, Steindór að heiti. Baldvin skrifar í dagbókina 17. nóv. „Grafið fyrir vatnsleiðslunni í fjárhúsin og lagðar pípu-urnar, mokað ofanyfir og vatninu hleypt á og gekk það ágætlega og eru vatnskranar í eldhúsinu, fjósi, gamla eldhúsi og 3 kranar í nýju fjárhúsunum og þá er því þarfa og stóra verki lokið.“

Ekki var þetta þó fyrsta vatnsleiðslan því að lokið var við að leggja vatn í Sigtún 15. okt. 1908.

*Kljáströnd. Fiskgrindur næst,
fjær sést í Sigtún til hægri og
Gula pakkhúsið til vinstri.*



*Ólafur Gunnarsson og
Anna Vigfúsdóttir.*

Verslunin var sett á fót 1893. Benedikt Sveinsson sýslumaður gaf út leyfisbréf handa Þórði Gunnarssyni til að reka sveitaverslun 3. okt. það ár. Verslunin var a.m.k. í fyrstu í formi pöntunarfélags. Vörurnar greiddu menn að mestu með fiski eða afurðum búa sinna. Verslunarsvæðið náði yfir Grýtubakkahrepp allt út í Fjörður, fram í Fnjóskadal og út í Hrísey, jafnvel Grímsey. Talsvert var um viðskipti handan yfir fjörð, úr Möðruvallaplássi, af Galmaströnd og allt til Dalvíkur.

Í sambandi við verslunina var rekin umfangsmikil slátrun á fé og jafnvel stórgripum. Haustið 1908 var t.d. slátrað í Höfða hátt í 700 fjár. Þar af átti Höfðabúið um hálf tundrað.

21. MARS 1896

Þórður Gunnarsson í Höfða er óvenju seint á fótum þennan morgun. Það er komið fram yfir dagmál. Seint var sest að eftir mikið dagsverk og hann er endurnærður eftir 5 tíma svefn. Hann tekur fram dagbókina og skrifar það sem hefur markverðast gerst daginn áður og ekki gafst tóm til þá þar sem svo seint var gengið til náða. Færslan endar á þessu:

„Tomsen forstjóri bauð okkur öllum utanað ásamt fjölda af Akureyri um borð í Vestu til að skoða skipið og veitti öllum „shampaný“. Skipið er mjög skemmtilegt og fyrsta káeta yndæl og mjög plássgóð. Eftir miðdag komu þeir B. br. [Björn bróðir] með heimapilta á nótabátnum. Við fylltum hann með vörum, kvöddum þá Balduvín og sra Árna prófast sem voru búnir að velja sér ágætt pláss á 1. plássi í Vestu til Englands. Sra Árna í Grv. fór með okkur í bátnum. Fengum lofn alla leið og vorum rúmar 6 kl. til Kljástrandar. Affermdum og settum bátinn, vorum mjög lukkulegir að geta háttað í okkar eigin húsum og rúmum kl. 5 um morguninn, því þó gott sé að vera hjá Ólafi gestgjafa þá kostar það krónur!! – rúm og kaffi 60 a. morgunmatur 1,25, Miðdagur 1,50 og kvöldmatur 1,25 alltsvo 4,60 um daginn fyrir utan vindla etc. ef menn skyldu hafa lyst á þessháttar.“

Verslunin hefur að líkindum verið aflögð að mestu 1917. Þá geislaði stríð í Evrópu og orðið erfiðara um aðföng en hafði verið. Þann 9. feb. þ.á. „...kom telegram frá sýslumanninum um að gefa honum strax upp hvaða kornmatarbirgðir við bræður hefðum og var það óðara telegrapherað austur á Húsavík. Allar skipagöngur hættar um öll Norðurlönd.“¹⁰

Það síðasta sem dagbókin getur um vöruflutninga er frá 23. júlí 1919: „Gunnar og Jói fóru á Loka að sækja vörur í ES Island sem kom í nótt.“

Útgerðin var í fyrstu á bátum sem siglt var eða róíð. Róið var með línu og aflaðist a.m.k. stundum vel eins og t.d. 15. okt. 1895: „Róið góður abli saltaður fiskur allan daginn en kláraðist þó ekki.“ Og daginn eftir „...kom fjarska mikið af fiski“.

Ólafur Gunnar sat einn að sínu búi og tók ekki þátt í umsvifum bræðra sinna. En synir hans, Baldvin og Ólafur byrjuðu ungir að gera út. Má leiða að því getum að það hafi verið þeirra fyrsti bátur sem fórst 29. okt. 1902. Bátinum hvolfdi er verið var að vitja um síldarnet, einn maður drukknaði og báturinn „...fór í mul undir Selbjarginu.“¹¹

Um það leyti gekk til liðs við þá Sigurður Ringsted mágur þeirra, kvæntur Guðríði Gunnarsdóttur. Þeir byggðu sér hús niðri á Kljáströnd er þeir nefndu Sigtún. Þar bjuggu annars vegar Sigurður og Guðríður með börnum sínum Guðmundi, Önnu Elínu, Baldvin, Harald og Sigurði og hins vegar Ólafur og Anna Vigfúsdóttir kona hans með sínum átta börnum. Þau voru Gunnur, Dóra, Guðríður, Gunnar, Baldvin, Vigfús, Árni og Þóra Soffía.

Baldvin Gunnarsson yngri bjó á Kljáströnd. Hann kvæntist ekki og varð ekki langlífur, lést 24. mars 1913 eftir uppskurð á spítala, aðeins 36 ára.

Höfðabréður höfðu opin augu fyrir framförum í útgerð ekki síður en öðru sem þeir tóku sér fyrir hendur. Þegar Ísak Jónsson fór að fara um landið og kenna mönnum að byggja íshús til að frysta beitu 1895 höfðu þeir forgöngu um að slíkt hús var reist á Grenivík strax árið eftir. Þórður var bæði formaður í félagsskapnum sem að því stóð og sá sem sagði fyrir verkum þegar frost skyldi sett í það í fyrsta sinn.

Árið 1904 kom fyrsti vélbáturinn til Eyjafjarðar. Hann hét Þráinn, 5½ smálest og var í eigu Björns Jörundssonar í Hrísey. Fyrsta bátavélin hafði komið til landsins árið 1902, Möllerupvél sem sett var í sexæringinn Stanley á Ísafirði.¹² Vart var við því að búast að þeir Höfðabréður létu slíka nýjung lengi fram hjá sér fara. Árið 1905 fengu þeir mann frá Möllerup verksmiðjunum til að setja vél í nótabát er þeir áttu. Þegar búið var eftir mikið bras að koma vélinni fyrir kom í ljós að hún var ónýtt. Báturinn fékk aðra vél, eða e.t.v. þá sömu eftir að búið var að gera við hana, og var nefndur Möllerup lengi eftir það. Þannig varð Möllerup fyrsti bátur með vél í Grýtubakkahreppi. Hann var yfir-



Sigurður Ringsted og Guðríður Gunnarsdóttir.

10 Dagbók Höfðabréðra.

11 Dagbók Höfðabréðra.

12 Jón Þ. Þór 1997:116.

Þórður Gunnarsson og Ólafur Gunnarsson staddir í Danmörku að kaupa skip.



leitt ekki notaður nema til flutninga. Þó voru gerðar á því undantekningar. Jóhann Stefánsson, sem var með hann 1908-1913, segir frá því að beitubáturinn hafi verið látinn róa á línu inn á milli og fengist á hann töluverður fiskur.¹³ Og í dagbók Höfðabræðra er skráð 14. maí 1910: „...farið á Möllerup til róðra og fór Jón í Kolgerði á honum.“

Árið 1914 var breytt um nafn á Möllerup sem eftir það hét Loki. Þetta varð frægur bátur og gekk fram undir 1940. Var hann þá búinn að lenda í ýmsu, m.a. liggja á hafsbotni í viku.

Í mars 1906 fóru þeir frændur, Þórður í Höfða og Ólafur í Sigtúnum, til Danmerkur að láta smíða fyrir sig tvo sjö tonna mótorbáta. Fékk annar nafnið Fáfnið og var smíðaður fyrir bræðurna Þórð, Baldvin og Björn, hinn hét Reginn og var eign yngri bræðranna, Ólafs og Baldvins, og Sig-

13 Jóhann Stefánsson 1964:4-8.

urðar Ringsted mágs þeirra. Með bátunum kom danskur maður, August Andersen, til að stjórna vélunum. Er að sjá að hann hafi haft nóg að starfa því að vélarnar vildu bila.

Þessir bátar munu upphaflega hafa verið opnir því að 8. mars 1909 segir í dagbók Höfðamanna:

„Tryggvi byrjaður að smíða dekk á bátana. Þeir í Sigtúni fóru út í Sker og þaðan til að sækja Steingrím og Baldur til að smíða dekk á mótorbátana.“

Sama sumar og Fáfner og Reginn komu fengu Sigtúnamenn annan bát, Agnesi, og Höfðabræður fengu Njörð sumarið eftir. Þarna voru því strax á árinu 1907 komnir fimm mótorbátar á Kljáströnd.

Fyrsta stórafallið í mótorbátaútgerðinni varð 15. okt. 1909. Í dagbókinni segir:

„Regin sleit upp og rak inn að Stekk og náðu piltar honum og lögðu aftur út á Selvíkum og svo fór Fáfner að draga festar og fór upp í brotið undan Ólafsflið og þar sökk hann og [hefur] líklega liðast sundur. Um háttatíma rak Njörð upp að Kljáströndinni og þar festi hann sig.“

Næsta dag, 16. október:

„Ljót aðkoma á Ströndinni. Fáfner farinn og Agnes líka, líklega bæði til fulls. Agnes var rekin upp að Hellutánni og þar muldist hún í sundur og tindum við ruslið úr henni þar upp á bakkann. Fáfner er sokkinn í miðri Lönguvík, víst mjög mikið brotinn. ... Vélin úr Agnesi er að mestu heil.“

ÁREKSTUR Í ÞOKU

Þeir eru á landstími á Hallsteini úti á Grímseyjarsundi. Aðeins tveir eru á, formaðurinn Sigurður Ringsted og Baldvin í Bræðratungu. Afli hefur verið góður þennan daginn, gott í sjóinn en svartþoka. Sigurður stendur sjálfur við stýrið, öruggur á stefnu og staðsetningu þrátt fyrir þokuna.

Skyndilega birtist svart flikki í gráum mekkinum á stjórnborða og stefnir beint á þá. Enskur togari, sem betur fer á hægri ferð vegna þokunnar. Þótt snúði sé hart í bak verður árekstur ekki umflúinn. Togarinn skellur skáhallt á hlið bátsins, sem leggst því sem næst á hliðina, en réttir sig þó við aftur.

Þegar að er gáð hefur komið talsvert gat á Hallstein við áreksturinn rétt ofan við sjólínu, nógu neðarlega til þess að hann tekur þar sjó inn í hverri veltu.

Skipverjar stökkva niður í lest og með skjótum handtökum henda þeir aflanum yfir í bakborðið þar til kominn er nógu mikill halli á bátinn til að gatið haldist vel upp úr sjó.

Togarinn fylgir bátnum alla leið inn að Kljáströnd. Skipstjórinn kennir sér um slysið og vill greiða bætur. Hallsteinn kemur að vísu brotinn úr þessum róðri en þegar landað er kemur fleira upp úr bátnum en þorskur; sterlingspundsseðlar, kassi af koníaki, brauð, skonrok og síróp.

Nokkrar tilraunir voru gerðar til að ná Fáfni upp en svo fór að ekkert bjargaðist úr honum nema vélin.

Ekki létu Höfðamenn þennan skaða slá sig út af laginu. Næsta vor, 2. maí 1910 er komin ný Agnes sem fær vélina úr hinni fyrri og viku seinna er komið með nýjan Fáfni.

Fyrstu árin var gert út frá Kljáströnd en frá 1900 fóru sumarróðrar að mestu eða öllu leyti fram frá Látrum. Bestu fiskimiðin voru yst í firðinum og utan við Gjögur og því varla vinnandi vegur að berja þangað á hverjum degi alla leið innan frá Kljáströnd. Frá Látrum var hins vegar stutt að sækja og því var leitað eftir að fá aðstöðu þar fyrir útgerðina.

Á Látrum bjuggu um aldamótin sægarpurinn Tryggvi Jónasson og Sigurlína Jónsdóttir kona hans. Tryggvi var þá kominn um fimmtugt og farinn að láta undan síga. Trúlega hefur honum getist vel að þeirri hugmynd að ljá þessum atorkumönnum aðstöðu á Látrum og sjá athafnalífið blómstra þar á bakkanum á ný.

Fyrsta sumarið var farið úteftir í nokkurra daga viðlegu í senn og komið heim með saltfiskinn jafnóðum. En síðan var farið að byggja upp aðstöðu þar ytra. Höfðabræður byggðu upp verbúðina Valhöll sem þar hafði staðið frá fornu fari. Sigtúnarnamenn byggðu nýja verbúð og nefndu Hliðskjálf. Var á báðum stöðum aðstaða til að beita og taka og salta fisk.

Frá Látrum var fyrst á vorin gert út á hrognkelsi í mars og apríl. En venjulega var farið þangað til þorskveiða í lok maí eða byrjun júní og haldið út fram í september, jafnvel lengur ef vel viðraði. Hinn 11. júní 1910 er t.d. skráð í dagbók Höfðabræðra: „Róið í fyrsta sinn frá Látrum og var Sigurður kominn að með 1000 pund þegar Þórður fór.“

Þegar vertíð lauk á Látrum var haldið áfram að róa á Kljáströnd eftir því sem afli og gæftir gáfu tilefni til. 28. nóv. 1910 er skráð í dagbókina: „Var róið á Fáfner og verður það líklega síðasti róður á mótör á þessu ári.“ Á góðum haustum var líka stundum róið frá Látrum stuttan tíma eftir að vertíð var lokið.

Dæmi voru um að Kljástrandarmenn söltuðu líka á Grímsnesi. Yfirleitt var þó fiskur tekinn jafnóðum og hann hlóðst upp á Látrum og fluttur inn á Kljáströnd. Síðasti afli sumarsins var venjulegast látinn vera á Látrum yfir veturinn og ekki fluttur heim fyrr en menn fóru úteftir að undirbúa vertíðina næsta vor.

Á Kljáströnd var fiskurinn umsaltaður og síðan vaskaður og þurrkaður. Þarna var stór og góð fjara og hægt að breiða allt að 100 skippundum í einu. A.m.k. sum árin var þarna um verulegan afla að ræða. Haustið 1915 var skipað út frá Kljáströnd rúmlega 700 skp. af þurrkuðum saltfiski. Til þess hafa þeir þurft að fá 420 tonna afla upp úr sjó.



*Hrönn EA 395 eða Dröfn EA 396
í smíðum í skipasmíðastöðinni
í Njöhöfn í Kaupmannahöfn.*

Á Látrum var byggð í lendingunni létt bryggja, sem hægt var að draga á land, og var þar ágætis aðstaða. En þegar hafsjór var mikill leiddi það mikla ólgu þar inn að bátar gátu ekki hafst þar við og urðu að hleypa inn á Höfðastekk. Þessi aðstaða var byggð upp á hverju vori og stóð þar til haustbrimið skolaði öllu upp í fjöru. Ef brimasamt var þurfti þó að byggja þetta upp aftur og aftur alla vertíðina.

Oft gat brimað illa á Látrum og þá voru ekki bara bryggjur í hættu heldur einnig hús og bátar. Í óveðri 17. ágúst 1916 sópaði öllu lauslegu burt og brimið gekk upp á bakkann utan við Valhöll og braut bræðsluskúrinn.

Mestur varð skaðinn 13. september 1914 þegar sukku þrír bátar sem þar lágu við festar: „N. ofsadrif og má heita blindbylur, kominn nokkur snjór, sljett af gördum í heyfleckjum. Þeir komu 4 gangandi frá Látrum með þær voðafrettir að 3 mótorbátar væru sokknir og molaðir en 2 væru ennþá á floti, Fáfner og Óðinn en Agnes, Njörður og Reginn sokknir.“

Þótt vissulega væri þetta þungt högg voru þeir frændur þó ekki slegnir til jarðar. Vorið eftir komu þrír nýir bátar, allir um sjö tonn. Hallsteinn og Þengill voru smíðaðir á Akureyri fyrir Ólaf og Sigurð. Baldvin yngri var þá látinn fyrir tveimur árum. Þriðji báturinn var Njörður sem fluttur var frá Danmörku fyrir Þórð, Baldvin og Björn. Auk þeirra voru keyptir tveir vélarlausir uppskipunarprammar frá Noregi til að flytja á vörur aftan í mótorbátunum.


Og ekki var látið þar við sitja. Velgengnin hvatti til aukinna umsvifa. Stærri skip buðu upp á nýja möguleika.

Þann 2. des. 1915 héldu þeir frændur, Þórður Gunnarsson og Ólafur Gunnarsson, til Kaupmannahafnar til að kaupa tvö 40 smá-lesta skip fyrir útgerðarfélagið Rán. Hluthafar í því félagi voru tíu.¹⁴ Sigurður Ringsted sótti fyrra skipið, Hrönn EA 395, og kom með það til landsins í lok júlí. Hrönn lagði upp í fyrstu aflaferð sína 2. ágúst og um miðjan ágúst hafði hún fengið um 1500 tonn af síld, reif þá nótina og hætti stuttu seinna enda öll síld búin í það skiptið.

Seinna skipið, Dröfn EA 396, kom á Ströndina 30. jan. 1917 og fór

¹⁴ Dagbók Höfðabráðra 12. apríl 1917.

Stauravarpa. Myndin er af líkani sem er í Sjóminjasafni Austurlands á Eskifirði.



tíu dögum seinna á línuveiðar suður fyrir land þar sem hún var til máiloka. Skipstjóri á Dröfn var Mikael Guðmundsson frá Hrísey sem síðar fórst með Talisman.

Þegar útgerðin stóð með mestum blóma voru gerðir út frá Kljáströnd a.m.k. átta mótorbátar, Hrönn, Dröfn, Óðinn, Fáfmir, Njörður, Hallsteinn og Pengill og flutningabáturinn Loki. Þar fyrir utan hefur Bragi Baldvins Kristinssonar og Halldórs Jónassonar trúlega verið kominn þangað líka. Auk þessara báta voru uppskipunarprammarnir norsku og eitthvað af árabátum.

Öll áhersla var lögð á að veiða þorsk og verka í salt. En til þess að fá þorsk þurfti beitu og þess vegna voru síldveiðar stundaðar mest allt árið eftir öllum hugsanlegum leiðum; með fyrirdrætti, í lagnet, reknet og stauravörpu.



*Fiskverkun á Kljáströnd.
Ásmundur Steingrímsson, Kristján
Jakobsson, Ósk Hallsdóttir, María
Aðalbjörnsdóttir, Ragna Björnsdóttir
og Ármann Guðjónsson.*

Stauravarpa, eða stauranót, var þannig að staurar voru reknir niður góðan spöl frá landi og mynduðu hring. Innan á þá var festur poki. Landmegin á honum var op og út frá því stuttir vængir. Frá opinu og til lands lá netrani á staurum. Er fiskurinn kom að rananum synti hann fram með honum þar til hann rak sig á vænginn. Blasti þá við honum op sem hann áleit undankomuleið en lá beint inn í pokann.

Pegar vitjað var um var byrjað hífa upp loku fyrir opið, en kaðlar voru festir í hana og gegnum blakkir á staurunum. Á sama hátt var pokinn losaður, botninn var dreginn upp og aflinn síðan háfaður upp í bátinn.

Síldveiðar voru Höfðabræður með vissu byrjaðir að fást við strax 1892. Dagbókin segir að 2. mars þ.á. hafi í fyrsta sinn verið reynt að leggja síldarnet „...hér ytra á þessum tíma.“ Aflinn var 100 síldar.

Best gekk í síldveiðinni seinni part sumars og fram á haust. Þá veiddist oft það vel að hægt var að selja síld. Oft fyrir gott verð. 22. sept. 1915 er skráð í dagbókina: „Helgi fór með síldarnet útfyrir fjörð.“ Og daginn eftir var „...farið með síld inn á Hjalteyri og þaðan inn á Akureyri. Síldin var 36 tunnur seldar á 33 kr. tunnan.“ Á sama tíma var smiður frá Akureyri að innrétta lækniþúðina á Kljáströnd og fékk greidda 40 aura á tímann. Hefði sá verið 83 tíma að vinna sér fyrir einni síldartunnu.

Allt var nýtt sem sjórinn gaf. Flest vor var farið í stuttar hákarlalegur. Dagbók 12. apríl 1915: „Þeir komnir úr hákarlalegunni með 1¼ tunnu af lyfur.“ Og 17. apríl 1922 er farið á Óðni og komið aftur fjórum dögum seinna: „Þeir komu úr hákarlalegunni 10-15 beitur í hlut og 4-5 tunnur lyfur.“

Þeir veiddu hrognkelsi. Þeir plægðu eftir kúfiski. Þeir bræddu lifur bæði á Látrum og á Kljáströnd og þeir veiddu svartfugl, höfrung, hnísu og sel. Við þann veiðiskap mun Sigurður Ringsted hafa verið drýgstur. Hann var snilldarskytta svo stundum þótti göldrum líkast. Skipstjóri á norskum selfangara hreifst svo þegar hann sá

LÖNG FERÐ MEÐ LOKA

Flutningabáturinn Loki er á leið til Akureyrar með nokkra farþega frá Grenivík og hefur farið af stað um hádegi.

Fyrst þarf að skila beitu út í Svínárnes. Þá byrja þekkt vandræði þessa báts. Vélin fer að hiksta og sóta sig og missa afl. Það er norðan hafgolugjóra og báturinn hefur varla á móti þegar vélin er svona kraftlaus. Kemst þó að lokum.

Þegar snúið er til baka gengur heldur betur á lensinu. Þó kemur þar að inni hjá Kvígudölum stöðvast vélin alveg. Jón Þorgeir, skipstjóri og mótóristi í sen, bróltir niður í vélarhús. Lengi vel heyrast ekki þaðan önnur hljóð en stymplingar og högg krydduð með stórum gusum af miður fallegum munnsöfnuði. Á endanum fer dollan í gang og kemst við illan leik inn á Kljáströnd. Þar eru til varahlutir sem eiga að nægja til að koma vélinni í almennilegt lag. Það tekur langan tíma.

Farþegana er farið að svengja verulega. Langt er síðan lagt var af stað og horfur á að ekki verði komið til Akureyrar fyrr en komið er fram á nótt. Til að freista þess að bæta úr hungri og leiðindum farþeganna gengur einn þeirra, Benedikt á Jarlsstöðum, í land. Hann ber að dyrum hjá Birni Gunnarssyni og segir allt sem er og spyr hvort ekki sé hægt að fá einhvern mat handa fólkinu.

Björn bregður skjótt við. Eftir hálf tíma er kominn niður í bát rúgbrauðshleifur og fullt vaskafat af soðnum steinbít. Farþegarnir taka til matar síns alls hugar fegnir. Guðsgafflarnir einir til að borða með en líðanin batnar og brúnir lyftast þegar lífsnæringin er komin á sinn stað.

Seint og um síðir fer mótórin í gang með mikilli sprengingu. Loki skriður af stað, Jón Þorgeir við stýrið með húfuna skakka, orðinn nokkuð krímóttur í framan en hættur að bölvu. Frammi við lúkarskappann situr 11 ára farþegi, Bjarni á Jarlsstöðum og horfir brosandí á hvernig kinnarnar á Gísla háseta dilla í takt við þung slög vélarinnar. Norðangjólán er dottin niður, sjórinn er spegilsléttur. Þetta er rosalega gaman.

hver listaskytta Sigurður var að hann gaf honum ríffil sinn, mikinn kostagrip.

Þegar umsvifin voru mest sunnan undir Höfðanum var mikill fjöldi fólks sem sótti þangað vinnu við útgerð, verslun og búskap. Eitthvað var um að fólk kæmi af næstu bæjum. Þótt húsakostur væri rúmur í Höfða, Kljáströnd og Sigtúnum þá nægði það ekki. Smám saman byggðist upp lítið þorp. Purrabúðir og verbúðir niðri á Ströndinni; Land, Hliðskjálfr og Botnshús og grasbýli uppi á bakkanum; Bræðratunga, Móberg, Brautarhóll og Hlíð.

Árið 1919 var síðast gert út frá Látrum og þó ekki í sama mæli og áður. Það ár var Valhöll rifin og reist aftur inni á Höfðastekki þar sem farið var að byggja upp aðstöðu. Anton Jónsson skipasmiður á Siglu-



Á rústum Valhallar á Látrum.

firði var fenginn til að mæla þar fyrir bryggju „...og reyndust að þurfa 80 f lengd til að gera 7-8 f dýpi með fjöru.“¹⁵ Vorið eftir var beitinga-búðin frá Látrum einnig reist á Stekknum. Þar var byggður ískofi og grafinn mikill brunnur, hyldjúpur niðri á eyrinni. Að öllum líkindum hefur vatnið í honum verið salt og því ekki ætlað til neyslu heldur aðeins í sambandi við fiskvinnsluna.

Og 17. júlí 1920 var fiskur breiddur í fyrsta sinn á Höfðastekk.

Ekki er að fullu ljóst hvers vegna hætt var að gera út frá Látrum og flutt inn á Höfðastekk en ætla má að þar hafi einkum þrennt hjálpast að. Árið áður, 1918, var vont ár. Hafís lokaði öllu fram á vor og í kjölfarið fylgdi fiskleysi og grasleysi sem dró kjark úr mönnum.¹⁶ Erfiðlegar hefur gengið en áður að fá mannskap í svo litla verstöð og afskekktu. Og eldmóðurinn sem brann í þeim bræðrum meðan þeir voru ungir var ekki lengur sá sami. Þórður kominn undir sextugt, Baldvin tíu árum eldri. Í dagbókinni örlar í fyrsta sinn á kvíða: „Þeir komu úr Látrum með það síðasta af bryggjuviðunum svo allt er nú komið inn á Stekkinn hvernig svo sem það reynist að halda út þaðan.“¹⁷

Haldið var áfram að byggja upp á Stekknum. Árið 1922 var komin þar staurabryggja og 1. júní þ.á. „...komu 2 menn af Akureyri til að leggja telefon ofan á Stekkinn.“ Þetta sumar aflaðist vel. Þann 10. júní fær Óðinn 5.000 pund, Bragi 6.000, Fáfírnir 3.000 og hinir 2-5.000 pund. Fiskur sagður svo mikill að bátar fái naumast borið aflann.

En þegar hér var komið sögu var farið að hrikta í undirstöðum þessarar miklu útgerðar. Góðar aflahrotur megnuðu ekki að breyta neinu þar um. Jafnvel náttúruöflin lögðust á sömu sveif. Fnjóská og Hólsá voru komnar vel á veg að fylla upp hið forna skipalægi á Höfðastekk. Óðum grynntist við bryggjurnar á Kljáströnd.

Ekki mun ofmælt að þegar þeir voru upp á sitt besta Höfðabræður, Þórður, Baldvin og Björn og Sigtúnamágar, Ólafur, Baldvin og Sig-

15 Dagbók Höfðabræðra 12. okt. 1919.

16 Einar Helgason 1919:89-95.

17 Dagbók Höfðabræðra 15. maí 1920.

*Jónas Jónasson og Ragna
Björnsdóttir við beitingaskúr
Ásmundar á Kljáströnd.*



urður, hafi það verið harðsnúið lið. Þetta voru dugnaðarforkar sem létu ekkert stöðva sig í því sem þeir ætluðu sér og settu ekki fyrir sig smámuni. „Sigurður skrappt á árabát inn á Akureyri og ætlaði að koma aftur í kvöld.“ Þetta er skrifað í dagbók Höfðabræðra 7. maí 1915 eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það mundi þykja þrekraun fullboðleg í hverri kraftajötnakeppni nútímans að „skreppa“ 30 km leið á árabát og aftur til baka samdægurs. Jafnvel þótt hægt væri að hafa gagn af segli hluta leiðarinnar.

En ekki verður við allt ráðið. Stóru bátarnir, Hrönn og Dröfn, sem aðallega átti að gera út til síldveiða náðu aldrei að skila þeim arði sem þurfti. Ýmisleg óhöpp eltu þessi skip og útgerð þeirra. Þegar Sigurður Ringsted sótti Hrönn til Danmerkur komst hún við illan leik inn á Raufarhöfn „með brotna vjel og nær ósjófær af leka.“ Og þegar Þórður fór austur með þrjá eða fjóra mótorbáta til að sækja hana var hún dregin til Akureyrar aftan í gufuskipi og þau fórust á mis.

Þegar Dröfn kom til landsins var á henni danskur stýrimaður. Hann ætlaði að snúa til baka með Ceres daginn eftir að Dröfn kom til heimahafnar. Þá var búið að loka öllum skipagöngum vegna stríðsins og stýrimaðurinn sat mánuðum saman [á Hjalteyri] á kostnað Ránarfélagsins. Í dagbókinni 12. mars 1917 stendur:

„Farið yfirum til að finna stýrimanninn sem kom með Dröfn þar er hann alltaf í fyrsta plássi á okkar kostnað og á að fá hann til að vera hjer eftir á öðru plássi.“

Í hönd fóru ár aflaleysis og sölutregðu. Reynt var að bæta það upp með því að hafa skipin í flutningum, t.d. milli Akureyrar og Siglufjarðar með tunnur, trjávið, olfu og fisk o.fl. Bilanir virðast líka hafa verið nokkuð tíðar. Sumarið 1918 var Hrönn leigð Ásgeiri Péturssyni til síldveiða. Mánuði seinna var hún komin inn á Seyðisfjörð með brotna vél. Þessi skip, sem svo miklar vonir höfðu verið bundnar við, voru rekin með tapi ár eftir ár og síðast seld Ingvari Guðjónssyni á Akureyri 1924.

Rekstur mótorbátanna fór einnig að ganga erfiðlega og svo fór að lokum að Höfðabræður urðu að játa sig sigraða. Höfði var seldur á



Ragna Björnsdóttir og Ósk Hallsdóttir við beitingu á Kljáströnd.

uppboði haustið 1923 og ári seinna var gjaldþrot ekki lengur umflúið. Baldvin lifði það þó ekki, hann andaðist á gamlársdag 1923.

Reyndar lauk málum þannig að Höfðabræður þurftu ekki að hrekjast burt heldur tók ný kynslóð við rekstrinum. Vinveittir menn á Akureyri keyptu jörðina og Þengill Þórðarson keypti bústofninn og mestallt innbú og tók við búinu ásamt konu sinni Arnheiði Guðmundsdóttur. Þengill keypti einnig Fáfni og gerði hann út með búskapnum. Helgi Stefánsson, eiginmaður Mörtu Baldvinsdóttur, keypti Óðin og Sveinn Þorsteinsson, fóstursonur Björns og Þóru keypti Njörð.

Útgerðin hélt þannig áfram en fluttist fljótlega eftir þetta alveg á Kljáströnd vegna útgrynnslis á Höfðastekk. Og á Kljáströnd var einnig farið að grynna. Síðustu árin þurftu bátarnir að sæta sjávarföllum til að komast eftir rennu að syðri bryggjunni.

Sveinn Þorsteinsson flutti með fósturforeldrum sínum til Norðfjarðar 1927 og hætti þá að gera út en Helgi Stefánsson keypti úthaldið. Bróðir Helga, Þorsteinn, var formaður hjá honum.


Þengill hætti búskap og flutti til Akureyrar 1931 og seldi Fáfni. Helgi lést sama ár. Marta Baldvinsdóttir og ráðsmaður hennar, Ásmundur Steingrímsson, sem varð seinni eiginmaður hennar, héldu útgerðinni áfram. Þau seldu Óðin árið eftir og keyptu Geir sem þau svo síðar seldu Ólafi og Sigurði í Sigtúnum.

Þótt gjaldþrot Höfðabræðra snerti ekki beint Sigtúnamága, Ólaf og Sigurð þá þrengdi einnig að þeim. Kreppan mikla var ekki bara úti í heimi. Hún náði líka til Kljástrandar. Afli var mjög góður 1932 en ytri skilyrði hömluðu mjög á móti. Mikið verðhrun og sölutregða hafði orðið á saltfiski og við það bættist að víða kom fram í fiski skemmd sem kölluð var jarðslagi. Þetta varð til þess að nálega enginn fiskur var fluttur út frá Eyjafirði þetta ár.¹⁸ Afleiðingin varð sú að þeir mágar voru lýstir gjaldþrota. Útgerð þeirra hélt samt áfram undir nafni Guðmundar Ringsted.

Hallsteinn slitnaði upp af legunni og fór upp í Lönguvík og hvolfði 1928. Þengill var seldur til Siglufjarðar 1938 og fórst vorið

¹⁸ Brafi Sigurjónsson 1985:71.

*Skógarmaðurinn, stakur klettur
sem stendur skammt vestan
við Kljáströnd. Ólafur Baldvinsson
ýtir á klettinn, Þóra Soffía Ólafsdóttir
stendur hjá.*



eftir með níu manns. Geir var síðasti bátur sem gerður var út frá Kljáströnd og sökk er verið var að draga hann til viðgerðar á Hjaltreyri 1940.

Ólafur Gunnarsson og Sigurður Ringsted bjuggu næsta áratug í Sigtúnum með fjölskyldum sínum, stunduðu sjó á litlum bátum og höfðu einhvern búskap.

En jafnvel það átti eftir að enda með reiðarslagi. Í aftakaveðri haustið 1950 varð Sigurður úti vestan í Höfðanum á leið heim frá Grenivík. Guðríður flutti eftir það til Akureyrar, Ólafur og Anna nokkru seinna.¹⁹

Á Kljáströnd, þar sem áður var iðandi líf, uppgangur og gróska, standa nú aðeins tvö heil hús uppi; Kljáströnd og Hlíð. Bæði í eyði.

19 Sigurlaug Vigfúsdóttir 1971:134-136.



Málverk frá Kljáströnd á fjórða áratugnum eftir Thorvald Molander. Næst er Kljástrandarhúsið og hægra megin við það er Gula pakkhúsið.

Niðri á ströndinni vinna sjórin og tönn tímans í sameiningu að því að afmá öll merki um mannanna verk og hefur orðið vel ágengt.

Uppi á bakkanum hefur grasið gengið í lið með gleyskunni að þurrka út söguna í Móbergi, Brautarhóli og Bræðratungu.